

SAMÞYKKT

um stjórn Dalvíkurbyggðar.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélags.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar er skipuð sjö fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Dalvíkurbyggð er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélags.

Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð annast þau lögmæltu verkefni sem því eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneytinu.

Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélaginu Dalvíkurbyggð er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um sveitarstjórn.

4. gr.

Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. síðari breytingar, annarra laga og samþykkt þessari.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni sveitarstjórnar.

Meðal verkefna sveitarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins.
2. Að kjósa forseta og varaforseta sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja sveitarstjórn síðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða sveitarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarstjórnar og stofnana, setja starfsemi sveitarstjórnar reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.

8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
10. Sveitarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra, valdsvið, starfshætti og framsal til fullnaðarákvörðunar og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bæjarstjórnar.

6. gr.

Ný sveitarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin sveitarstjórn hefur einungis umboð til tóku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta og varaforseta sveitarstjórnar.

Á fyrsta fundi kýs sveitarstjórn forseta og tvo varaforseta og skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og sveitarstjórnar.

Njóti forseti eða varaforseti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforseti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis þegar að því loknu.

Sá telst rétt kjörinn forseti sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn.

Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði.

Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta skal kjósa fyrsta og annan varaoddvita til að gegna, í þeirri röð, störfum forseta í forföllum hans. Skal kosning þeirra vera hlutfallskosning, enda sé ekki full samstaða um annað innan sveitarstjórnar.

III. KAFLI

Fundir sveitarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar heldur reglulega fundi sveitarstjórnar einu sinni í mánuði að jafnaði í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu á Dalvík.

Aukafundi skal halda þegar forseti eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis.

9. gr.

Boðun sveitarstjórnarfundar.

Fundarboð, ásamt dagskrá og fylgigögnum, skal berast sveitarstjórnarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Sveitarstjóri og forseti sveitarstjórnar boða sveitarstjórnarfund.

Heimilt er að senda fundarboð (dagskrá) rafrænt til sveitarstjórnarmanna, aðalmanna og varanna, með tölvupósti og fundarboðið, dagskrá ásamt fylgigögnum, er þá aðgengilegt rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa inn á fundargátt sveitarfélagsins. Heimilt er að boða fundi byggðarráðs og fastanefnda rafrænt með sama hætti og boðun funda sveitarstjórnar.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafundar skal berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

10. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta sveitarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjórnar, svo og ráðningu sveitarstjóra og helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir byggðarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Sveitarstjórnarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega tveimur sólarhringum fyrir fund til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi sveitarstjórnar.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi sveitarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um sveitarstjórnarmenn, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

12. gr.

Opnir fundir sveitarstjórnar.

Fundir sveitarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélags séu viðstaddir.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélags í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

15. gr.

*Fundarsköp og ritun fundargerða.***I. Fundarsköp:**

1. *Fundarstjórn.* Forseti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum sveitarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar.
2. *Vald oddvita.* Skylt er sveitarstjórnarmanni að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Ef sveitarstjórnarmaður ber aðra menn brigslum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef sveitarstjórnarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við sveitarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef sveitarstjórnarmaður hlýðnast ekki úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi. Ef áheyrandi á sveitarstjórafundi raskar fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal sveitarstjórnar.
3. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema sveitarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna þau afbrigði.
4. *Málfrelsi sveitarstjóra.* Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.
5. *Málfrelsi.* Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða sveitarstjóra eða framsögumann svo og sveitarstjórnarmann sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Sveitarstjórnarmaður skal rísa á fætur þegar hann flytur mál sitt nema forseti leyfi annað.
6. *Ávarp ræðumanns.* Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til forseta. Sveitarstjórnarmaður skal ávarpa einstaka sveitarstjórnarmenn með fullu nafni. Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða. Ekki má lesa prentað mál nema forseti leyfi.

7. *Hve oft má tala.* Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Sveitarstjóri hefur óbundið málfrelsi.
8. *Ræðutími.* Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs.
9. *Tillögur og afgreiðsla.* Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
10. *Réttur til bókunar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.
11. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Sveitarstjórnarmaður greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykka mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.
12. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör. Sveitarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

II. Ritun fundargerða:

1. *Fundargerðir.* Fundargerðir sveitarstjórnarfunda skal rita og færa í gerðabók í samræmi við fundarsköp sveitarstjórnar. Á fundum fastanefnda, skv. samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, annarra nefnda, stjórna og ráða á vegum sveitarfélags skal rita fundargerðir og skulu þær skráðar með sams konar hætti og fundargerðir sveitarstjórnar, sbr. 1. mgr. Sviðsstjórar eru að jafnaði fundarritarar ráða og nefnda, en ráð og nefndir geta ráðið sér sérstakan fundarritara úr starfsmannahópi sveitarfélagsins.
2. *Gerðabók.* Fundargerðir sveitarstjórnar, fastanefnda, annarra nefnda, stjórna og ráða skal rita í gerðabók sem skal vera innbundin með tölusettem blaðsíðum.
3. *Efni fundargerða.* Eftirfarandi atriði eiga að koma fram í fundargerðum sveitarstjórnar, fastanefnda, annarra nefnda, stjórna og ráða á hennar vegum skv. samþykkt um stjórn sveitarfélagsins:
 - a) Númer fundar og heiti nefndar (sveitarstjórnar, fræðsluráðs o.s.frv.).

- b) Fundardagur, upphaf fundar (tími) og fundarstaður.
 - c) Nöfn viðstaddra sveitarstjórnarmanna, nefndarmanna, varamanna og fyrir hverja þeir sitja og eftir atvikum annarra sem fundinn sátu.
 - d) Dagskrármál sem tekin eru fyrir á fundinum, málsnúmer, dagsetning erinda, nöfn aðila, meginefni og niðurstaða þeirra.
 - e) Skrá skal í fundargerð viki sveitarstjórnar- eða nefndarmaður sæti vegna vanhæfis. Skrá skal í fundargerð ef starfsmaður vikur af fundi vegna vanhæfis.
 - f) Atkvæðagreiðsla/kosning.
 - g) Hverjir greiddu atkvæði með máli, hverjir á móti og hverjir sátu hjá.
 - h) Skrá skal lok fundar.
 - i) Skrá skal undirritun fundargerðar.
4. *Fundargerðir skráðar í tölvu.*
Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að fundargerðir séu skráðar í tölvu/fundargerðakerfi. Sé það gert skal skrá í gerðabók sveitarstjórnar, fastanefnda og annarra nefnda, stjórnar og ráða, númer fundar, hvar og hvenær fundur er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu/fundargerðakerfi. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar.
5. *Nöfn þeirra sem skrá skal í fundargerð.*
Skrá skal nöfn viðstaddra sveitarstjórnarmanna eða nefndarmanna í fundargerð. Ef varamaður situr fund er rétt að skrá fyrir hvaða aðalman hann situr fundinn. Skrá skal hvaða embættismenn sitja fundinn. Ef embættismenn eða gestir sitja fundinn eða hluta hans skal skrá athugasemd um slíkt undir viðkomandi dagskrárlið fundarins.
6. *Um skráningu dagskrármála í fundargerð og niðurstöðu þeirra.*
Skrá skal í fundargerð heiti dagskrármála, málsnúmer og röð þeirra á dagskrá fundarins. Skrá skal í fundargerðina við dagskrármálið sjálf, hvaða afgreiðslu það hafi hlotið, ályktanir og niðurstöður, s.s. hvort mál hafi verið samþykkt, því synjað, frestað, vísað til umsagnar nefndar eða starfsmanns, vísað til fullnaðarafgreiðslu nefndar eða starfsmanns eða hvort máli hafi verið vísað frá. Varði afgreiðsla dagskrármáls ekkert af þessu er málið lagt fram án efnislegrar afstöðu til þess.
Fundargerðir nefnda sem lagðar eru fyrir sveitarstjórn skulu lagðar fyrir í heild, þ.e. með öllum þeim dagskrármálum sem þær mynda og fer um afgreiðslu þessara fundargerða með vísan til 1. og 2. mgr. þessa töluliðs. Ályktanir eða samþykktir í fundargerðum nefnda sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar skal færa sérstaklega í fundargerð. Skýrt þarf að koma fram hvaða afgreiðslu hver dagskrárliður þessara fundargerða fær. Aðrir liðir fundargerðar eru lagðir fram til kynningar.
Varðandi framkvæmd afgreiðslu dagskrármála skal skrá með hvaða hætti niðurstaða, samþykkt, synjað, frestað o.s.frv. var fengin. Hvort niðurstaðan var eftir atvikum fengin samhljóða, fjöldi atkvæða með og atkvæði á móti, hvort um hjásetu var að ræða o.s.frv., hvort krafist hafi verið skriflegrar atkvæðagreiðslu o.fl., en um þessi atriði vísast að öðru leyti til laga og samþykktar um stjórn sveitarfélags.
Varðandi aðrar athafnir sem fram fara á fundum sveitarstjórnar eða nefnda, s.s. kosningar ýmiss konar, gildir að tilgreina skal þær sem sérstakt dagskrármál og númer hvað þær eru á dagskrá fundarins. Um framkvæmd slíkra kosninga vísast að öðru leyti til laga og samþykktar um stjórn sveitarfélags.
Komi fram ósk um bókun frá sveitarstjórnarmanni, nefndarmanni eða öðrum þeim sem heimild hefur til að bóka skal skrá bókun undir viðkomandi dagskrármáli. Um bókanir fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum samþykktar um stjórn sveitarfélagsins, t.d. hvort þær þurfi að vera skriflegar. Bókanir skulu færðar til bókar áður en til afgreiðslu fundargerðar kemur.
7. *Viki af fundi vegna vanhæfis.* Skrá skal í fundargerð ef sveitarstjórnarmaður eða nefndarmaður vikur sæti vegna vanhæfis. Skrá skal hvort farið hefur fram atkvæðagreiðsla um hæfi og úrslit hennar. Skrá skal hvaða mál vanhæfið varðar og hvort og þá hvaða varamaður tekur sæti hans. Skrá skal hvenær sveitarstjórnarmaður tekur aftur sæti og varamaður vikur af fundi.
Skrá skal í fundargerð ef embættismaður/starfsmaður, sem hefur málfrelsi og tillögurétt, vikur af fundi vegna vanhæfis. Skrá skal hvaða mál vanhæfið varðar.

8. *Undirritun í gerðabók.* Við lok fundar skal fundargerð lesin upp og viðstaddir kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn/nefndarmenn rita eigin hendi undir hafi hún verið færð beint í gerðabók og staðfesta þar með að rétt hafi verið fært til bókar. Við endurrit fundargerða skal setja skammstöfunina m.e.h. (með eigin hendi) aftan við nafn viðkomandi. Sama gildir hafi fundargerð verið færð í tölvu, þá skulu kjörnir fulltrúar undirrita gerðabók sem í hefur verið fært. Sveitarstjórnarmaður/nefndarmaður sem vill gera athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað hana með fyrirvara um það atriði.
9. *Um undirritun og frágang tölvufærðrar fundargerðar.* Í lok fundar skal fundargerð prentuð, lesin upp og undirrituð af kjörnum fulltrúum. Þá skulu forseti/formaður nefndar og a.m.k. einn kjörinn fulltrúi setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.
10. *Um undirritun fundargerða símafunda.* Ef haldinn hefur verið símafundur undirritar sveitarstjórnarmaður/nefndarmaður sem ekki var viðstaddur á fundarstað, fundargerð á næsta fundi sveitarstjórnar/nefndar.
11. *Trúnaðarmál.* Mál sem tekið er fyrir á luktum fundi sveitarstjórnar skal skrá sem trúnaðarmál og færa í sérstaka fundargerðabók sveitarstjórnar. Ef um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni og/eða mál sem falla undir ákvæði upplýsingalaga nr. 140/2012 með síðari breytingum skal bóka umfjöllun og afgreiðslu slíkra mála í sérstaka trúnaðarmálalabók nefndar. Í fundargerð skal koma fram málsnúmer, vegna tilvísunar í viðkomandi mál í skjalakerfi, og heiti á dagskrárliðnum skal vera „Trúnaðarmál“. Tilvísun í færslur í trúnaðarmálalabók skal koma fram í fundargerð.
12. *Um varðveislu fundargerða.* Skjöl og gögn sem verða til í starfsemi sveitarfélags s.s. fundargerðir og önnur skráð fundargögn sveitarstjórnar og nefnda á hennar vegum tilheyra skjalasafni sveitarfélagsins og eru eign þess og fer um varðveislu þeirra skv. gildandi lögum og reglum hverju sinni.

16. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar, eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélags ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélags að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélags.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

17. gr.

Varamenn í sveitarstjórn.

Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir voru kosnir til sveitarstjórnar eða eftir samkomulagi sem aðilar að sameiginlegum framboðslista hafa komið sér saman um. Tilkynning um slíkt samkomulag skal lögð fram í upphafi kjörtímabils og gildir hún til loka þess.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

18. gr.

Skyldur sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur forseti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Réttur sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmunum sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum sveitarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Vilji sveitarstjórnarmaður ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

20. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Ef gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings er óheimilt að taka af þeim afrit og fara með þau af skrifstofu, sbr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga, nema að höfðu samráði við sveitarstjóra eða viðkomandi sviðsstjóra.

Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

21. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Sveitarstjórnarmaður skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem sveitarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Lausn frá störfum.

Telji sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við sveitarstjórn að hún létti af honum störfum eða veiti honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélagi um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík

ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarmaður flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir sveitarstjórnarmaður kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn. Ef sveitarstjórnarmaður missir fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

23. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn má boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi.

Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrir sé að aðalmaður í sveitarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

24. gr.

Þóknun o.fl.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar skal sveitarstjórnarmaður fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

25. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í sveitarstjórn.

V. KAFLI

Byggðarráð.

26. gr.

Kosning byggðarráðs.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn í byggðarráð til árs í senn. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í byggðarráð. Varamenn skal einnig velja úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni. Heimilt er þó að ákveða að aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna. Kosning í byggðarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

27. gr.

Fundartími byggðarráðs.

Byggðarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku. Sveitarstjórn ákveður fundartíma byggðarráðs í upphafi kjörtímabils.

Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður byggðarráðs eða a.m.k. tveir byggðarráðsmenn óska þess.

28. gr.

Boðun funda byggðarráðs.

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs. Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna varamanni sínum og sveitarstjóra um forföll og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

29. gr.

Stjórnun byggðarráðs.

Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

30. gr.

Áheyrnarfulltrúar í byggðarráði.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í byggðarráði skulu uppfylla kjörgengisreglur 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

31. gr.

Verkefni byggðarráðs.

Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Byggðarráð hefur eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau, ásamt sveitarstjóra, fyrir sveitarstjórn.

Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella.

Sveitarstjórn getur falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg.

32. gr.

Heimild byggðarráðs til fullnaðarákvörðunar.

Sveitarstjórn getur falið fastanefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem sveitarstjórn hefur sett.

Fullnaðarárvarðanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Ef óskað er endurupptöku máls sem byggðarráð hefur afgreitt, sbr. 5. mgr. 31. gr., skal leggja það fyrir sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

VI. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en byggðarráð.

33. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

34. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélags, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

35. gr.

Valdsvið nefnda og framsal sveitarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Sveitarstjórn getur getur falið nefnd/ráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar, sbr. 10. tölulið 5. gr. samþykktar þessarar. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem sveitarstjórn hefur sett.

Heimildir fastanefnda til fullnaðarafgreiðslu mála eru háðar því að samþykktir þeirra sem hafa í för með sér að útgjöld séu innan heimilda í fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi málaflokk.

Fullnaðarárvarðanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ef óskað er endurupptöku máls sem afgreitt hefur verið sbr. 1. mgr. skal leggja það fyrir sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Sé nefnd ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða samþykkt þessari, teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa staðfestingu sveitarstjórnar.

36. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir byggðarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

37. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi að lög eða eðli máls hamli því ekki.

Ef fram kemur ósk frá íbúum um opinn nefndarfund skal slík ósk vera skrifleg. Nefnd getur orðið við slíkri ósk ef a.m.k. 10 íbúar 18 ára eða eldri standa að henni og fram kemur í skriflegu erindi hvaða máli viðkomandi vilja fá að fylgjast með.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

38. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Sviðsstjórar rita að jafnaði fundargerðir ráða og nefnda en ráð eða nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara úr starfsmannahópi sveitarfélagsins. Starfsmenn sveitarfélagsins sitja einstaka dagskrárliði þegar eftir því er leitað samkvæmt eðli máls og skal boðun starfsmanna koma fram í dagskrá fundarboðs.

Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

40. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

41. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun.

Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

42. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn, en nær ekki kjöri í fastanefnd, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefnda. Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

43. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati sveitarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags.

44. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélaga eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

45. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að.

Sveitarstjórn kys fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kys fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélagi væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélags í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

46. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs:

Byggðarráð. Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn og þrjá til vara í byggðarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í byggðarráð. Kveðið er á um verkefni byggðarráðs í 31. gr. samþykktar þessarar en auk þeirra verkefna sem þar er kveðið á um hefur byggðarráð með höndum atvinnu-, ferða-, markaðs- og kynningarmál sveitarfélagsins. Byggðarráð fer jafnframt með stjórn Eignasjóðs og Félagslegra íbúða.

B. Til fjögura ára. Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara, nema annað sé tekið fram, í eftirfarandi ráð og nefndir sem kosin eru á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar. Sveitarstjórn kýs ráðunum formann og varaformann.

I. Fjármála- og stjórnisýslusvið.

Yfirkjörstjórn. Sveitarstjórn kýs á fyrsta fundi sínum þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn til fjögurra ára vegna kosninga til Alþingis, sbr. 10. gr. laga nr. 24/2000, og sveitarstjórna, sbr. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þá getur sveitarstjórn kosið þrjá menn og þrjá til vara í undirkjörstjórn. Heimilt er að kjósa hana síðar.

II. Fræðslu- og menningarsvið.

1. *Íþrótt- og æskulýðsráð* fer með íþrótt- og æskulýðsmál, samkvæmt lögum og reglugerðum þar um, ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
2. *Menningarráð* fer með málefni safna og húsafríðunarmál samkvæmt lögum og reglugerðum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
3. *Fræðsluráð* fer með verkefni leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla samkvæmt lögum og reglugerðum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
4. *Ungmennaráð.* Um verkefni og skipan ungmennaráðs fer samkvæmt sérstökum samþykktum sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

III. Félagsmálasvið.

1. *Félagsmálaráð* fer með verkefni sveitarfélagsins á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, þjónustuhóp aldraðra og málefni fatlaðra samkvæmt lögum og reglugerðum og samningum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
2. *Barnaverndarnefnd* fer með málefni er varða barnavernd og ættleiðingar samkvæmt lögum og reglugerðum þar um.

IV. Umhverfis- og tæknisvið.

1. *Umhverfisráð* fer með byggingarmál, skipulagsmál, brunavarnir og brunamál, almannavarnir, hreinlætismál, umferðarmál, umhverfismál, gróður- og náttúruverndarmál samkvæmt lögum og reglugerðum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.
2. *Landbúnaðarráð* fer með stjórn og eftirlit með búfjár- og gæludýrahaldi, framkvæmd fjallskila, afréttamál, hagagöngu, forðagæslu, eyðingu refa, minka og vargfugls og sjúkdómavarnir ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi. Ráðið gerir tillögu til bæjarstjórnar um ráðningu búfjárefirlitsmanna skv. 3. gr. laga nr. 103/2002.
3. *Búfjárefirlitsnefnd.* Sveitarstjórn kýs að afloknum kosningum aðal- og varamann í búfjárefirlitsnefnd 17. starfssvæðis búfjárefirlits til fjögurra ára samkvæmt tillögu landbúnaðarráðs, sbr. reglugerð um búfjárefirlit o.fl. nr. 743/2002.

V. Veitu- og hafnasvið.

1. *Veitu- og hafnaráð* fer með málefni hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og hafna samkvæmt lögum og reglugerðum þar um ásamt öðrum þeim verkefnum sem ráðinu eru falin með erindisbréfi.

C. Stjórnir og samstarfsráð.

Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.

1. *Haustfundur Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar (AFE)*. Sveitarstjórn kýs aðalfulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn á haustfund AFE samkvæmt samþykktum AFE eins og þær eru á hverjum tíma.
2. *Stjórn Dalbæjar*. Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn í stjórn Dalbæjar samkvæmt samþykktum stofnunarinnar eins og þær eru hverju sinni.
3. *Byggðasamlag um málefni fatlaðra*. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa í stjórn Byggðasamlags um málefni fatlaðra.
4. *Hússtjórn Rima*. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa sem skal vera formaður hússtjórnar og einn til vara til fjögurra ára í senn í stjórn húsfélags Rima samkvæmt aðildarsamningi að húsfélagi Rima í Svarfaðardal, dags. 7. maí 1998, og samkomulagi um breytingu á þeim samningi. Bæjarstjórn kallar eftir tilnefningum aðildarfélaga á einum fulltrúa frá hverju félagi (aðalmaður og varamaður) í stjórn húsfélagsins. Bæjarstjórn setur hússtjórninni erindisbréf í samræmi við störf stjórnar sem fram koma í aðildarsamningi að húsfélagi Rima.
5. *Hússtjórn Ráðhúss Dalvíkur*. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa og einn til vara í stjórn húsfélags Ráðhúss Dalvíkur.
6. *Stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.* Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa og einn til vara í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses. samkvæmt samþykktum félagsins.
7. *Stjórn Náttúruseturs á Húsabakka ses.* Sveitarstjórn kýs ein fulltrúa og einn til vara í stjórn Náttúruseturs á Húsabakka ses. samkvæmt samþykktum félagsins.

D. Tilnefningar og kosningar.

Fulltrúar eru kosnir á ársþing og ársfundi stofnana sem sveitarfélagið á aðild að. Kosning skal fara fram á fyrsta og/eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna þeirra tilnefninga sem gilda í eitt ár.

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.
2. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Sveitarstjórn kýs einn aðalfulltrúa og einn til vara í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands. Fulltrúi sveitarfélagsins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og sveitarstjórnar.
3. *Eyþing*. Sveitarstjórn kýs aðalfulltrúa og jafnmarga til vara á aðalfund Eyþings samkvæmt samþykktum þess hverju sinni. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

E. Verkefnabundnar nefndir.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda stendur til loka kjörtímabils eða þar til verkefni hennar er lokið. Sveitarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Sveitarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind.

VII. KAFLI**Sveitarstjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.**

47. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélags. Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími sveitarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

48. gr.

Hlutverk sveitarstjóra.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórn-sýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem sveitarstjórn skipar.

Sveitarstjóri skal sjá um að fundir sveitarstjórnar, byggðarráðs og annarra nefnda sveitarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi sveitarstjórn ekki falið það öðrum.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarfélags. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Sveitarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

49. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Sveitarstjórn ræður eftirfarandi stjórnendur hjá Dalvíkurbyggð og veitir þeim lausn frá starfi:

1. Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs sem er skrifstofustjóri bæjarskrifstofu og yfirmaður fjármála- og stjórnsýslusviðs, sbr. I. lið 46. gr. Hann er staðgengill sveitarstjóra og ritari sveitarstjórnar.
2. Sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs, sem er yfirmaður fræðslu-, íþrótt-, æskulýðs- og menningarmála, sbr. II. lið 46. gr.
3. Sviðsstjóra félagsmálasviðs sem er yfirmaður félagsmálasviðs, sbr. III. lið 46. gr.
4. Sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs sem er yfirmaður umhverfis- og tæknisviðs, sbr. IV. lið 46. gr.
5. Sviðsstjóra veitu- og hafnasviðs sem er yfirmaður veitu- og hafnasviðs, sbr. V. lið 46. gr.

Ofangreindir stjórnendur sitja fundi sinna fagráða með málfrelsi og tillögurétt. Ef þess er óskað ber þeim að víkja af fundi við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar þá sjálfa, skyldmenni eða nána venslamenn þeirra.

50. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna.

Sviðsstjórar ráða stjórnendur þeirra stofnana sem undir þá heyra, að höfðu samráði við viðkomandi fagrád, og veita þeim lausn frá störfum.

Forstöðumenn ráða starfsmenn sinna stofnana, bæði fasta og lausráðna, og veita þeim lausn frá störfum nema vald til slíks sé með lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

51. gr.

Stöður auglýstar.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar. Byggðarráð getur ákveðið hver almenn skilyrði skulu gilda um ráðningar í stöður hjá sveitarfélaginu.

52. gr.

Fastráðnir starfsmenn.

Fastráðnir starfsmenn sveitarfélagsins skulu ráðnir með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem m.a. er kveðið á um ráðningartíma og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

53. gr.

Lausráðnir starfsmenn.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

54. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn Dalvíkurbyggðar og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

55. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Dalvíkurbyggðar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins.

56. gr.

Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlunir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

57. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir.

Byggðarráð og sveitarstjóri leggja samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.

Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlunir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Sveitarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimm títunda daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

58. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 55. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu

sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

59. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

60. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkis tryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir Dalvíkurbyggðar til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

61. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði eða sveitarstjóra sveitarfélagsins þar sem ekki er byggðarráð og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

62. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samráð við íbúa – Þáttökulýðræði.

63. gr.

Stefna Dalvíkurbyggðar um upplýsingagjöf og samráð við íbúa.

Um stefnu Dalvíkurbyggðar um upplýsingagjöf og samráð við íbúa fer samkvæmt lýðræðis-
stefnu Dalvíkurbyggðar og upplýsingastefnu Dalvíkurbyggðar sbr. 5. tölul. 5. gr. samþykktar
þessarar.

Lýðræðisstefna Dalvíkurbyggðar miðar að því að upplýsa íbúa og virkja til þátttöku í málefnum
og stefnumótun sveitarfélagsins og tryggja þannig aukna þátttöku þeirra í ákvarðanatöku og mótun
nærsamfélags síns. Þannig verði stuðlað að virku íbúalýðræði sem leiði af sér þekkingu og sátt um
stefnumótun og ákvarðanir sveitarfélagsins.

64. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 25% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108.
gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórna og framkvæmd almennrar
atkvæðagreiðslu fer skv. 107. gr. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

65. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr.
sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 14. febrúar 2013.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.